

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Fjarðabyggð Þernunesi Þernunes



<b>Dags eftirlits</b>	9.9.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Fjarðabyggð Þernunesi	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Sorpstöð Fjarðarbyggðar	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	4706982099	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Marínó Stefánsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Íris Dögg Aradóttir	<b>Staðsetning</b>	741265,622 507688,102

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun frá 12. október 2021.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór seinna reglubundið eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staða á úrbótum á urðunarstaðnum

Við eftirlit þann 5. júní 2020 komu fram fimm frávik er varða urðun hjólbarða og brotajárns, umgengni á urðunarstaðnum, daglegan frágang og skil á skráningum. Í eftirliti 1. júní 2021 voru staðfestar úrbætur vegna fjögurra frávika. Eftir stóð frávik vegna skila á skráningum fyrir árið 2020. Í eftirliti nú var frávikið itrekað og þann 12. október sl. sendi rekstraraðili inn fullnægjandi úrbótaáætlun vegna skila á skráningum.

Rekstraraðili hefur unnið töluvert miklar úrbætur á urðunarstaðnum frá því sem áður var. Gott skipulag er á staðnum, búið er að hylja með jarðvegi þann úrgang sem áður voru lagðar nætur yfir. Unnið er að gerð mana umhverfis staðinn til að bæta ásýnd hans. Ekki var tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.12.2021

Sigríður Magnúsdóttir